

Nefndarsvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13
108 REYKJAVÍK
SÍMI 545 1200
TELEFAX 545 1212
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160
128 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. maí 2005.

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 81/2003, 738. mál.

Neytendasamtökunum hefur gefist kostur á að koma á framfæri athugasemdum við frumvarp til laga um breytinga á lögum um fjarskipti nr. 81/2003. Eftirfarandi texti er almenns eðlis en varðar einnig ákvæði 1. gr. frumvarpsins:

Markmið fjarskiptalaga er öðrum þræði að efla vernd neytenda í viðskiptum við fjarskiptafyrirtæki. Vernd neytenda að islenskum rétti hefur á undanförunum árum farið vaxandi á ýmsum sviðum viðskipta, nærtækast er að nefna setningu neytendakaupalaga. Þar er meðal annars fjallað um réttarúrræði neytanda í tilefni af afhendingardrætti og galla á söluhlut. Gildissvið laganna er takmarkað við sölu hlutar.

Eðli málsins samkvæmt eiga ekki sömu sjónarmið við um afhendingu og galla á þjónustu og eiga við um söluhluti. Fjarskiptaþjónusta er þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet, sbr. 14. tl. 3. gr. laga nr. 81/2003. Áhyggjur Neytendasamtakanna beinast nú um stundir aðallega að réttaröryggi neytenda í tilefni af gallaðri fjarskiptaþjónustu, heimildarlausri notkun á fjarskiptaþjónustu o.fl. Áþreifanlegar reglur skortir og auk þess hagkvæm úrræði til handa neytendum til að fá leyst úr ágreiningi með hlutlausum, gagnsæjum, skjótum og ódýrum hætti.

Klassískt dæmi er það þegar tölvuþrjótur notar, án heimildar, þráðlaust netkerfi nágranna síns með þeim afleiðingum að sá síðarnefndi fær háan reikning frá

fjarskiptafyrirtæki. Fjarskiptafyrirtækið krefst greiðslu og bendir skuldarinum á að fyrirtækið hafi í samningi undanskilið sig ábyrgð á tjóni sem rekja má til þriðja manns. Skuldarinn neitar að greiða og vísar því til stuðnings til viðurkenndra sjónarmiða um að seljendur vöru og þjónustu megi ekki víkja frá almennum reglum neytendum í óhag.

Neytendasamtökin vona að áfram verði unnið að því að tryggja réttindi neytenda í viðskiptum við fjarskiptafyrirtæki, eftir atvikum með nýjum lagaákvæðum eða atbeina Póst- og fjarskiptastofnunar. Sérstök úrskurðarnefnd sem komið yrði á fót með atbeina samgönguráðuneytis, fjarskiptafyrirtækja og neytendasamtaka er mjög góður kostur. Önnur álitaefni en að framan eru nefnd geta til að mynda varðað notkun ólögráða á fjarskiptaþjónustu, seinkun á fjarskiptaþjónustu og upplýsingaskyldu þjónustuveitanda. Neytendasamtökin fagna gerð sérstakrar þingsályktunartillögu um fjarskiptaáætlun og telja að hún geti haft jákvæð áhrif á þessa þróun mála, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllt

f.h. Neytendasamtakanna

Eiríkur Áki Eggertsson

Eiríkur Áki Eggertsson, lögfr.